

Samþykkt í borgarstjórn 15. maí 2018

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020



Inngangur

Aðgerðaráætlunin er unnin af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar. Hún er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd.

Aðgerðaráætlunin byggir meðal annars á:

- ✓ Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- ✓ Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- ✓ Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis
- ✓ Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum
- ✓ Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)
- ✓ Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförunum árum
- ✓ Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu ***Saman gegn ofbeldi***

Aðgerðir

Hér á eftir fara aðgerðirnar. Þær eru kaflaskiptar eftir helstu viðfangsefnum.

Ofbeldisvarnarnefnd

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs.

Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Ofbeldisvarnarnefnd er skipuð 7 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Markmið:

Markmiðið með starfi nefndarinnar er að stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Aðgerð 1

Samráðsvettvangur

Skapa vettvang fyrir samráð borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna með því að starfrækja ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar.

Ábyrgðaraðili: Borgarráð.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

Tímarammi/staða: Á meðan samþykktir um hana eru í gildi.

Fjárheimildir vegna ofbeldisvarnarnefndar eru kr. 1.940.000.

Aðgerð 2

Vitundarvakning

Vekja athygli á ýmsum birtingamyndum ofbeldis og leiðum til að vinna gegn ofbeldi með opnum fundum borgarstjórnar og ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar, morgunverðarfundum og/eða ráðstefnum. Sérstök áhersla verði lögð á ungt fólk og ofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

Tímarammi/staða: 2018.

Fjárheimildir 2018, kr. 772.000.

Saman gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð, vinna lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt og börn fá stuðning frá sálfræðingum barnaverndar Reykjavíkur.

Markmið

Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á samstarfsverkefningu.

Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotþola á staðnum.

Aðgerð 3

Ráðgjöf og stuðningur í útkalli og í kjölfar þess

Veita ráðgjöf og stuðningur í útkalli og í kjölfar þess. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á þjónustumiðstöð mætir á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotþoli spurður hvort kalla megi til sérfræðing velferðarþjónustunnar.

Félagsráðgjafi hefur samband við brotþola innan fjögurra virkra daga og býður brotþola upp á viðtal.

Félagsráðgjafi og lögregla fara saman í eftirfylginiheimsókn á heimilið innan tveggja vikna og er tilgangurinn m.a. að kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldi sé viðvarandi og til að minna aftur á þá aðstoð sem er í boði.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið - þjónustumiðstöðvar.

Samstarfsaðilar: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 4

Ráðgjöf til brotaþola og gerenda

Veita brotaþolum og gerendum markvissa ráðgjöf. Öllum brotaþolum og gerendum heimilisofbeldis er boðið upp á skipulagða félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðvar. Áhersla er lögð á að biðtími eftir ráðgjöf verði stuttur og að málið verði skilgreint sem forgangsmál.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 5

Stuðningur við börn með viðtölum

Veita börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi stuðning með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 6

Skráning tölfraeðiupplýsinga og skimun

Skrá með skipulögðum hætti upplýsingar um ofbeldi. Félagsráðgjafar þjónustumiðstöðva skrá upplýsingar m.a. í útköllum. Félagsráðgjafar skima einnig fyrir ofbeldi hjá öllum sem koma í viðtöl til þeirra.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 7

Söfnun tölfraeðiupplýsinga og birting

Taka saman tölfraeðiupplýsingar á Velferðarsviði og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og birta sameignlega með reglubundnum hætti á vef borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnisstjóri, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Uppfært í hverjum mánuði.

Aðgerð 8

Fræðsla fyrir starfsfólk

Veita ráðgjöfum þjónustumiðstöðva og starfsfólki Barnaverndar, sem fara í útköll og sinna eftirfylgni um ýmsar hliðar heimilisofbeldis, fræðslu um ýmsar birtingarmyndir ofbeldis. Einnig að vera með fræðslu um þá hópa sem er hvað hættast við að verða fyrir ofbeldi s.s. fatlað fólk og sérstöðu annarra hópa s.s. hinsegin samfélagsins og hvað annað sem þeim finnst gagnast í þessu starfi.

Ábyrgðaraðili: Teymið sem stýrir Saman gegn ofbeldi og verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 9

Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar

Vera með upplýsingar á vefsíðu borgarinnar um það hvert brotabólar og gerendur geta leitað til að fá aðstoð. Einnig að birta tölfræðiupplýsingar um verkefnið **Saman gegn ofbeldi**, skýrslur og annað efni sem lýtur að verkefninu m.a. um það hvaða fræðsla býðst.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 10

Upplýsingagjöf á erlendum tungumálum

Birta upplýsingaefni um það hvar sé hægt að leita aðstoðar á ensku og pólsku þ.e. í því upplýsingaefni sem er birt á vefsíðu borgarinnar og í útgefnu efni. Einnig er boðið upp á túlkajónustu og starfsfólk fær þjálfum í að nota hana.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 11

Samstarf við frjáls félagasamtök

Samstarf er við félagasamtök sem vinna með innflytjendum, átthagafélög innflytjenda og trúfélög um dreifingu upplýsinga um heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Samstarf: Sérfræðingar í innflytjendamálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 12

Meðferð fyrir gerendur

Rjúfa vítahring ofbeldis með því að vísa gerendum á meðferðarúrræði og í sumum tilvikum veita þeim styrk til að nýta sér það.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 13

Kortleggja meðferð fyrir gerendur

Kortleggja meðferð fyrir gerendur. Greina hver er að veita hana, hvaða styrki hún er að fá og hvernig hún nýtist og skoða m.a. möguleika innflytjenda til að nýta sér þessa þjónustu.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd/mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: 2018/2019.

Aðgerð 14

Fatlað fólk og ofbeldi

Leggja áherslu á stöðu fatlaðs fólks í tengslum við ofbeldi. Fatlaðar konur og börn eru í einna mestri hættu á að verða beitt ofbeldi í samfélaginu. Fatlað fólk getur verið þolendur ofbeldis með sama hætti og ófatlað fólk. Hins vegar á fatlað fólk það einnig á hættu að vera beitt ofbeldi sem sérstaklega er bundið við stuðningsþarfir þess og jaðarsetta stöðu í samfélaginu.

Fræðsla verði í boði fyrir starfsstaði um fatlað fólk og ofbeldi. Einnig verði sett upp rafrænt fræðsluefni fyrir allt starfsfólk sem hefur störf með fötluðu fólki. Reglulegt samráð verði haft við réttindagæslumenn fatlaðs fólks í Reykjavík til þess að hægt verði að bregðast við ábendingum þeirra varðandi stöðu fatlaðs fólks í borginni.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi: Viðvarandi.

Aðgerð 15

Aðgengi fatlaðs fólks að jafningjafræðslu

Kanna möguleika til að bæta aðgengi fatlaðs fólks í borginni að jafningjafræðslu sbr. 16. og 26. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Áhersla verði lögð á að veita fötluðu fólki fræðslu og upplýsingar á jafningjagrundvelli um réttindi sín sem og hvernig hægt sé að átta sig á og tilkynna um ofbeldi.

Einnig verði kannaðir möguleikar á því að tryggja aðstoð á jafningjagrundvelli til fatlaðs fólks í borginni vegna ofbeldis eða annarrar erfiðrar reynslu.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Samstarfsaðili: Tabú/ÖBÍ/réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Aðgerð 16

Heimilisofbeldi og hinsegin fólk

Leggja áherslu á það, í samstarfi við Samtökin '78, að ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi. Vera með fræðslu um heimilisofbeldi og hinsegin fólk á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fái Samtökin '78 fræðslu um heimilisofbeldi og verkefnið ***Saman gegn ofbeldi***. Efla umræðu um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í samstarfi við félag hinsegin fólks.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 17

Aldraðir og ofbeldi

Setja á fót starfshóp sem skili tillögum um það hvernig vinna megi gegn ofbeldi meðal aldraðra. Hópurinn taki mið að þeirri vinnu sem hefur verið skilað í sambandi við ofbeldi gegn fötluðu fólki, innflytjendum og hinsegin fólki.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa/verkefnisstjóri *Saman gegn ofbeldi*.

Tímarammi/staða: 2018.

Aðgerð 18

Reglulegir samráðsfundir

Halda reglubundna samráðsfundi í teyminu sem stýrir verkefninu ***Saman gegn ofbeldi***. Teymið er skipað fulltrúum frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, skrifstofu Velferðarsviðs, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Kvænnaathvarfinu og heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn eigi einnig samstarf við grasrótarsamtök, fræðasamfélagið og önnur sveitarfélög.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

Samstarfsaðilar: Grasrótarsamtök, fræðasamfélagið, ríkið önnur sveitarfélög og aðrir sem vinna gegn ofbeldi.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Fjárheimildir: Saman gegn ofbeldi fékk 44 millj. kr. úthlutað á árinu 2018.

Þjónustusamningar

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við grasrótarsamtök sem vinna með brotaþolum ofbeldis. Vinna grasrótarsamtaka með brotaþolum bæði heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis er mikilvæg og viðurkennir borgin það í verki með þjónustusamningum við þau. Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í rekstri Bjarkarhlíðar sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Velferðarráðuneytisins, Dómsmálaráðuneytisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Samtaka um Kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eiga sæti í stjórn og framkvæmdastjórn verkefnisins.

Markmið

Að veita borgarbúum sem hafa orðið fyrir ofbeldi stuðning, ráðgjöf og meðferð ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis. Auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið.

Samningar við grasrótarsamtök og samstarfsverkefnið um Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, tryggir að í boði sé þjónusta sem höfðar til breiðs hóps. Í sumum tilvikum er þjónustan einvörðungu veitt af grasrótarsamtökum eins og lóðið er með Kvennaathvarfið.

Aðgerð 19

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Kvennaathvarfið

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Kvennaathvarfisins þannig að konum og börnum þeirra bjóðist dvöl og ráðgjöf þegar þær þurfa á að halda.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður á ári: Kr. 11.000.000 á meðan samningur er í gildi.

Aðgerð 20

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Stígamót

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Stígamóta þannig að áfram verði hægt að bjóða upp á ókeypis þjónustu við brotaþola kynferðisofbeldis í Reykjavík

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: kr. 12.000.000 á ári til loka ársins 2018 eða á meðan samningur er í gildi.

Aðgerð 21

Aðild að rekstri Bjarkarhlíðar

Taka þátt í rekstri og þróun þjónustunnar í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, sem er tilraunaverkefni sem stendur til loka ársins 2018. Ofbeldisvarnanefnd telur Bjarkarhlíð hafa sannað mikilvægi sitt og mikilvægt er að tryggja starfsemi áfram. Lagt er til að ráð verði gert fyrir áframhaldandi árlegum stuðningi, en forsenda er aðkoma ríkisins að rekstri.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd

Kostnaður: Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir starfseminu. Bókfærður kostnaður er kr. 4.172.000 á árinu 2018. Gera þarf ráð fyrir þeim kostnaði árlega.

Barnavernd

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Það er hlutverk Barnaverndar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Leitast er við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarlögum er kveðið á um að allir sem hafa með uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. Eftirlit. Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
2. Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
3. Önnur verkefni. Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í barnaverndarlögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

Markmið:

Bæta uppeldisskilyrði barna á heimilum þeirra og almennt í samfélaginu. Tryggja að öll börn búi við öryggi.

Ábyrgðaraðili: Barnaverndarnefnd

Aðgerð 22

Bregðast án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni

Barnaverndarstarfsfólk bregst án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni. Til að auðvelda leiðina til að tilkynna hefur verið komið upp tilkynningahnappi á vefsíður borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Aðgerð 23

Byggja upp úrræði til eflingar foreldrahæfni

Barnavernd kemur að uppbyggingu og eflingu úrræða sem ætlað er að efla foreldrahæfni. Þetta er gert í samstarfi við aðra aðila og til hagsbóta fyrir foreldra og börn.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Aðgerð 24

Fræðsla og handleiðsla í skólum og tómstundastarfi

Barnavernd sér um fræðslu á barnaverndarlögum og þeim skyldum sem starfsfólk í skóla- og tómstundastarfi þarf að mæta samkvæmt þeim. Einnig sér barnavernd um handleiðslu við starfsfólk þegar á þarf að halda.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Aðgerð 25

Þátttaka í verkefninu *Opinskátt um ofbeldi*.

Sjá nánar aðgerð 27.

Aðgerð 26

Kortlagning á úrræðum fyrir börn og mat á þörfum á úrbótum

Farið verði í greiningavinnu á þeim úrræðum sem börnum bjóðast ef þau eru brotáþolar ofbeldis eða hafa upplifað ofbeldi á heimili. Meta þarf þörf á úrbótum.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Ræða opinskátt um ofbeldi við börn, bæta ferla og efla þekkingu

Verkefnið *Opinskátt um ofbeldi* snýst um að gera starfsfólk betur í stakk búið til að tala um ofbeldi og bregðast við ef það verður vart við að börn búi við ofbeldi. Verkefnið snýst einnig um það að gera börnum kleift að fjalla um ofbeldi. Þrír starfsstaðir; leikskólinn Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland, tóku þátt í þessu tilraunaverkefni. Borgarstjórn hefur ákveðið að innleiða verkefnið í öllum hverfum borgarinnar. Hreinskiptin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess sem sniðin er að þroska barna á leik- og grunnskólaaldri er skref í þá átt að draga tjöldin frá og rjúfa þögnina sem hefur umlukið ofbeldi.

Markmið:

Auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því.

Aðgerð 27

Opinskátt um ofbeldi í öllum hverfum borgarinnar

Innleiða verkefnið/verklagið í öllum hverfum borgarinnar með því m.a. að:

- ✓ Ræða við börn um ofbeldi, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi
- ✓ Tryggja að börn viti af hjálp, t.d. með veggspjöldum í öllum skólum
- ✓ Vera með skýra ferla sem snúa að tilkynningum til barnaverndar og hver tilkynnir og hver sér um samskipti við foreldra

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðili: Barnavernd og mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Innleiðing hefst haustið 2018.

Kostnaður: 10 millj. veittar til verkefnisins árið 2018.

Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi

Tíðni kynferðisofbeldis er svo há að allt fagfólk Reykjavíkurborgar sem vinnur með fólki er líklegt til þess að hitta brotþola í störfum sínum. Þess þarf að gæta að halda á lofti umræðu um kynferðisofbeldi og að fagfólk viti hvar hægt sé að leita eftir upplýsingum og hvert beri að beina fólki. Í samningi Stígamóta er tilgreint að Stígamót sjái um fræðslu m.a. á þjónustumiðstöðvum.

Markmið:

Að efla þekkingu starfsfólks á heimilisofbeldi og gera það betur í stakk búið til að veita ráðgjöf og beina fólki í þjónustu.

Aðgerð 28

Fræðsla um kynferðisofbeldi

Þjóða upp á fræðslu Stígamóta í fræðsluáætlun velferðarsviðs og einnig í miðlægri fræðslu hjá borginni.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Samstarfsaðili: Stígamót.

Tímarammi/staða: 2018-2020.

Kostnaður: Er tilgreint í samningi að Stígamót sjái um þessa fræðslu.

Kennsluefni um ofbeldi í formlegum námskrám á öllum skólastigum

Samkvæmt Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi sem Ísland hefur undirritað er gert ráð fyrir að til sé kennsluefni í formlegum námskrám á öllum stigum skólakerfisins. Gerð námsefnis er á verksviði ríkisins.

Markmið:

Að auka þekkingu barna og ungmenna á ofbeldi þannig að þau geti tekið afstöðu gegn því og sagt frá ofbeldi búi þau við það.

Aðgerð 29

Námsefni um ofbeldi

Senda Menntamálastofnun hvatningu um gerð námsefnis og skoða hvort einhverjar leiðir séu færar, í gegnum styrki sem ráð borgarinnar veita, til að styrkja gerð námsefnis.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar.

Tímarammi: Árlega.

Samstarf: Jafnréttisskóli Skóla- og frístundasviðs.

Kostnaður: Enginn fyrir Reykjavíkurborg nema ef af styrkveitingu verður.

Vekja athygli á því námsefni sem er til um ofbeldi

Örugg saman er námsefni fyrir 9. til 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnun mælir með til að draga úr ofbeldi í nánum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, fjalla um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu.

Sjúk ást er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hafa unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti og er að finna á www.sjukast.is

Markmið:

Draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal ungs fólks.

Aðgerð 30

Kynna námsefni

Vekja athygli stjórnenda skóla og kennara á námsefninu.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: SFS, sérstaklega jafnréttisskólinn.

Tímarammi/staða: 2018.

Áætlaður kostnaður: Enginn.

Öruggir skemmtistaðir/umhverfi/borg

Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafa skrifað undir samkomulag um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði. Sett hefur verið á fót samstarfsteymi þessara aðila sem vinnur að því að útfæra samkomulagið sem m.a. felur í sér fræðslu fyrir dyraverði og úttektarheimsóknnum m.t.t. öryggis. Samkomulagið fól í sér m.a. að Reykjavíkurborg varð 4.000.000 kr. til kaupa á öryggismyndavélum.

Vilji er til að skoða verkefni sem er svipað Real Stars í Gautaborg og lýtur að því að gera samkomulag við hótél og gististaði um að útiloka vændi og klám.

Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í verkefninu Safe Nordic cities.

Markmið:

Efla öryggi borgarbúa.

Aðgerð 31

Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum og við þá

Efla samstarf Reykjavíkurborgar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og aðila í ferðaþjónustu til að bæta öryggi á og við skemmtistaði.

Markmið:

Auka öryggi inni á skemmtistöðum.

Ábyrgðaraðili: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Tímarammi/staða: Er hafið, til frambúðar.

Áætlaður kostnaður: Kostnaður við myndavélar sem borgin er búin að setja upp, starfsframlag þeirra sem eiga sæti í teyminu.

Aðgerð 32

Fræðsla fyrir starfsfólk skemmtistaða

Vera með fræðslu fyrir starfsfólk skemmtistaða. Í fræðslunni er m.a. tekið mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðst við efni frá embætti Landlæknis sem hefur í samráði við ríkislögreglustjóra gefið út efni fyrir eigendur og starfsfólk skemmtistaða **Ábyrgð öllum í hag** og byggir á norrænni fyrirmynd.

Markmið:

Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.

Ábyrgðaraðili: Teymið.

Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2020

Vændi og mansal

Mansal fer eðli málsins samkvæmt mjög leynt og er þörf á að virkja almenning til að fylgjast með sínu nærumhverfi og þekkja merki mansals. Reykjavíkurborg vill vinna gegn vændi, bæði með því að tryggja úrræði sem geta komið í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi og með aðstoð við fólk við að vinna úr afleiðingum vændis, en kaup á því eru ólögleg.

Aðgerð 33

Samvinna gegn vændi og mansali

Efling samstarfs í vinnu gegn vændi og mansali. Teymi sem skipað er fulltrúum lögreglu, byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlits, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, mannréttindaskrifstofu, vinnueftirlits, velferðarsviðs og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar byggir upp þekkingu á mansali og því hlutverki sem hvert og eitt embætti gegnir eða getur gengt í því sambandi.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Allir sem eiga sæti í teyminu.

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2020.

Aðgerð 34

Árveknisátak gegn vændi og mansali

Vera með árveknisátak til að fá borgarbúa til að vinna gegn vændi og mansali. Reykjavíkurborg vini að þessu átaki í samstarfi við þá aðila sem gleggst til þekkja, skoði samstarf við lögreglu og verkalýðsfélag og nýta þá miðla sem borgin hefur yfir að ráða.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Allir sem eiga sæti í teyminu um mansal, verkalýðsfélög og aðrir sem vilja leggja verkefninu lið.

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2019.

Aðgerð 35

Hótel og gistiheimili án vændis

Skoða mögulegt samstarfs við hótél og gistihúsaeigendur um að útiloka vændi. Fyrirmynd verkefnisins er m.a. *Real stars* verkefnið í Gautaborg.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Hótel og gistihúsaeigendur.

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2019.

Aðgerð 36

Nordic safe cities

Vinna með norrænum borgum að auka öryggi í borgum. Í þessu verkefni hafa tekið þátt tuttugu borgir frá öllum Norðurlöndunum. Upphaf verkefnisins má rekja til þeirra voðaverka sem framin voru í Útey.

Markmið:

Að fyrirbyggja einangrun einstaklinga í samfélaginu með ýmsum hætti og koma þannig í veg fyrir ofbeldi sem upp getur komið hjá einstaklingum eða hópum.

Ábyrgðaraðili: Borgarstjóri/mannréttindaskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Öll svið borgarinnar.

Tímarammi/staða: 2018 til 2020.

#Metoo – kynbundin og kynferðisleg áreitni í starfsumhverfi borgarinnar

#Metoo byltingin sýndi fram á mikilvægi þess að allt samfélagið bregðist við og vinni gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Niðurstöður viðhorfskannana meðal starfsfólks borgarinnar hafa einnig sýnt fram á nauðsyn þess að taka á þessum málum í starfsumhverfi borgarinnar. Einnig þarf að endurskoða siðareglur bæði starfsfólks og kjörinna fulltrúa og efla kynningu á þeim.

Markmið:

Útrýma kynbundinni-, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar.

Aðgerð 37

Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar

Vinna að framkvæmd 12 tillagna sem samþykktar voru í borgarstjórn 20 febrúar 2018 um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd, forsætisnefnd, mannauðsdeild, mannréttindaskrifstofa og barnavernd.

Samstarfsaðilar: Öll svið borgarinnar.

Tímarammi/staða: 2018 til 2020.